

## 388. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 15.mars 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður  
Eyþór Benediktsson  
Guðmundur Kristinsson  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

### 1. Fundargerðir nefnda:

1.1. Fræðslunefnd, dags. 23.2.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

1.2. Húsnæðisnefnd, dags. 14.2.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

1.3. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 7.3.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

1.4. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 9.3.2005.

**Fundargerð lögð fram. Liðir 2, 5a, 5b, 5d og 5e samþykktir. Guðmundur sat hjá við lið 5e. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.**

1.5. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 16.2. 2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

1.6. Stjórn Lista-og menningarsjóðs, dags.24.2.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

1.7. Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis, dags.09.03.2005.

**Fundargerð framlögð og samþykkt.**

### 2. Aðrar fundargerðir.

2.1. 152. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 15.2.2005.

2.2. 10. aðalfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 21.2.2005.

2.3. 22. fundargerð LN og LSS, dags. 27.2.2005.

2.4. 722. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18.2.2005.

2.5. 9.aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands, dags.25.2.2005.

**Fundargerðir framlagðar.**

### 3. Ársreikningar og ársskýrslur.

3.1 Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, ársreikningur 2004.

3.2 Sorpurðun Vesturlands, ársreikningur 2004

3.3 Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2004.

**Ársskýrslur og ársreikningar framlagðar.**

### 4. Úthlutun byggðakvóta sbr. Auglýsingu og bréf Verkalýðsfélags Stykkishólms dags. 07.03.05.

**Við setningu reglna um úthlutun byggðakvótans var það haft að leiðarljósi að þeir sem urðu fyrir tjóni vegna stöðvunar skelveiða fengju bætur í hlutfalli við það tjón sem þeir urðu fyrir.**

**Samkvæmt úthlutunarreglum um byggðakvóta Stykkishólmsbæjar sem samþykktar voru í bæjarstjórn og auglýstar í Stjórnartíðindum (nr. 215) 16. febrúar s.l. er úthlutunin þannig:**

**Samkvæmt lið 1**

<b>Arnar SH 157</b>	<b>9,033 þorskígildistonn</b>
<b>Gullhólmi SH 201</b>	<b>95,667 þorskígildistonn</b>
<b>Þórsnes II SH 109</b>	<b>79,800 þorskígildistonn</b>

**Samkvæmt lið 2**

<b>Grettir SH 104</b>	<b>20,500 þorskígildistonn</b>
-----------------------	--------------------------------

5. Bréf Sigurðar Kristinssonar hjá Bókhalds- og rekstrarþj. f.h. Jóns Ó. Hjartarsonar dags. 23.02.05.  
**Afgreiðslu frestað og bæjarstjóra falið að skoða málið nánar.**
6. Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms dags. 25.02.'05.  
**Samþykkt að veita Lionsklúbbi Stykkishólms styrk að upphæð kr. 102.891, vegna fasteignagjalda.**
7. Bréf eigenda Reitarvegs 2 dags. 26.02.'05.  
**Bréfinu vísað til skipulags-og byggingarnefndar.**
8. Bréf fulltrúa sýslumanns Snæfellinga dags. 02.03.'05.  
**Bæjarráð gefur jákvæða umsögn um veitingarleyfið.**
9. Bréf forstöðumanns Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða dags.01.03.2005.  
**Bréf framlagt og vísað til bæjarstjórnar.**
10. Útboð á jarðvinnu fyrir nýjan leikskóla.  
**Samþykkt að auglýsa útboð á jarðvinnu vegna byggingu leikskóla.**
11. Útboð vegna nýbyggingar götu við Borgarbraut.  
**Samþykkt að auglýsa útboð vegna nýbyggingar götu við Borgarbraut. Samþykkt að nefna götuna Borgarhlíð.**
12. Tölvupóstur frá skólastjóra Grunnskóla Stykkishólms dags.11.03.2005.  
**Samþykkt að veita 50 aukakennslustundir til að bæta 10.bekkingum upp kennslutap vegna verkfalls s.l. haust.**
13. Kaup á bifreiðum fyrir áhaldahús og vinnuskóla.  
**Samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga frá kaupum á bílum fyrir áhaldahús og vinnuskóla.**
14. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu vegna málþings um fljótandi skil milli leik- og grunnskóla.  
**Bréfinu vísað til fræðslunefndar.**
15. Skýrsla um Skólpmengun við útrásir í Stykkishólmi 2003-2004. Unnið af Náttúrustofu Vesturlands.  
**Skýrsla framlögð. Skýrsluhöfundar munu gera grein fyrir henni á næsta bæjarstjórnarfundi.**
16. Dagný Þórisdóttir gerði grein fyrir Green Globe verkefninu.
17. Bæjarráð leggur til að næsti bæjarstjórnarfundur verði mánudaginn 21. mars 2005.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:14

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.